



Reykjavík, 28. september 2018
BSS2017030003
4.9.1

Bústaðavegur 151-153 ***Húsaskrá og varðveislumat*** ***Fornleifaskrá***

Viðtakandi: Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík

Sendandi: Borgarsögusafn Reykjavíkur

Bústaðavegur 151-153 – Húsaskrá og varðveislumat

Hér fer á eftir skrá yfir hús á lóðum við Bústaðaveg 151 og 153 í Reykjavík, ásamt varðveislumati, sem unnið er að beiðni skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi fyrir lóðirnar og aðliggjandi svæði.

Deiliskipulagssvæðið liggur norðan Bústaðavegar og vestan Reykjanesbrautar og afmarkast til vesturs af íbúðarhúsalóðum við Byggðarenda og til norðurs af göngustíg meðfram rampi frá Miklubraut suðaustur að Reykjanesbraut (sjá afmörkun á mynd 1).¹ Innan svæðisins eru lóðirnar Bústaðavegur 151-153, auk borgarlands norðan lóðarinnar Bústaðavegs 151. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er svæðið skilgreint sem þróunarsvæði Þ59. Gildandi deiliskipulag fyrir svæðið var samþykkt í borgarráði 5. október 2017.²

Gerð hefur verið byggðakönnun fyrir hverfishluta 5, Háaleiti, sem umrætt svæði fellur undir.³ Einnig hefur verið gerð húsakönnun fyrir lóðirnar í tengslum við gerð gildandi deiliskipulags, en hún hefur ekki hlotið staðfestingu Minjastofnunar, sem farið hefur fram á að skilað verði fullnægjandi skráningu húsa, mannvirkja og fornleifa á svæðinu áður en fjallað verði um breytingar á núverandi deiliskipulagi.⁴

¹ „Bústaðavegur 151-153. Lýsing vegna deiliskipulagsbreytingar“. Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://reykjavik.is/> → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Bústaðavegur 151-153 (Sprengisandur) - Lýsing (auglýst 09.11.2015 til 30.11.2015). Sótt í júní 2018.

² „Bústaðavegur 151-153. Deiliskipulag“, sp. 5.10.2017. Sjá Skipulagssjá. Vefslóð: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/> → Smella á svæðið: Bústaðavegur 151-155. Sótt í júní 2018.

³ Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 - Háaleiti*. Minjasafn Reykjavíkur, skýrsla nr. 164. Reykjavík 2014.

⁴ „Bústaðavegur 151-153. Húsakönnun“. Óútgefin skýrsla Landslags, dags. 15.5.2017 – Umsögn Minjastofnunar Íslands um skráningu vegna Bústaðavegs 151-153, breytingar á deiliskipulagi, dags. 5.6.2018.



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulagssvæðisins.⁵

Á svæðinu standa í dag eftirtalin hús og mannvirki:

- Samstæða hesthúsa ásamt hlöðu, byggð 1961 (Bústaðavegur 151, mhl. 02, 03, 04 og 05).
- Hús sem byggt var undir veitingarekstur árið 1985 (Bústaðavegur 153, mhl. 04) .
- Mannvirki sem tilheyrir sjálfsafgreiðslubensínstöð sem komið var fyrir á svæðinu árið 2005 (Bústaðavegur 151, mhl. 16, 17 og 18).

Þessi hús og mannvirki falla ekki undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 um friðun eða umsagnarskyldu vegna aldurs.⁶

Nánari upplýsingar um húsin, sem og önnur hús á svæðinu sem nú eru horfin, eru í meðfylgjandi húsaskrá og fornleifaskrá.

⁵ Afmörkun svæðisins skv. verklýsingu: „Bústaðavegur 151-153. Lýsing vegna deiliskipulagsbreytingar“. Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://reykjavik.is/> → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Bústaðavegur 151-153 (Sprengisandur) - Lýsing (auglýst 09.11.2015 til 30.11.2015). Sótt í júní 2018.

⁶ Sjá lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013. VII. kafli. Verndun og varðveisla húsa og mannvirkja, 29. og 30. gr.



Mynd 2. Hesthús Fáks á ljósmynd frá 1963, horft í átt að Elliðaárdal.⁷ Vinstra megin sjást þau hús sem nú eru horfin, hægra megin þau sem enn standa í dag.





Mynd 3. Hesthús Fáks sem standa á svæðinu í dag (DKP, Borgarsögusafni, júní 2018).

⁷ Úr myndasafni Þjóðviljans. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÞJV 029 119 4-2.



Mynd 4. Hlaða við austurgafn hestúsa Fáks við Bústaðaveg (DKP, Borgarsögusafni, júní 2018).



Myndir 5-6. Upprunalegar innréttingar (milligerði og stallar) í hestúsum Fáks við Bústaðaveg (nyrðri hús) og fyrrum heygeymsla í norðurhluta hlöðu (DKP, Borgarsögusafni, júní 2018).



Varðveislumat húsa og mannvirkja á ofangreindu svæði.⁸

Eftirfarandi eru tillögur Borgarsögusafns um verndun húsa eða mannvirkja á svæðinu, sem byggja á verndunarflokkum sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030⁹ og skilgreiningu og ákvæði um hverfisvernd í skipulagslögum nr.123/2010.¹⁰

RAUÐUR FLOKKUR: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.*

Bústaðavegur 151 – Hesthús Fáks – 1961

Um er að ræða samstæðu fjögurra hesthúsa og hlöðu sem reist var árið 1961 eftir teikningum Sigvalda Thordarsonar arkitekts. Niðurstaða varðveislumats Borgarsögusafns er að húsin hafi ***hátt varðveislugildi*** út frá byggingarlist og menningarsögulegu gildi, auk þess sem þau eru mjög upprunaleg að gerð. Vandað var til hönnunar og byggingar húsanna á sínum tíma og teljast þau gott dæmi um sérhannaða húsasamstæðu af sinni gerð, samsvara sér vel og hafa til að bera jafnvægi í hlutföllum, auk þess sem form og efnismeðferð eru í samræmi við notkun og notagildi. Húsin vitna um nýjungar í hönnun hesthúsa á sínum tíma, þar sem tekið var mið af velferð og þörfum hesta og hestaeigenda og voru fyrirmynd annarra hesthúsa sem byggð voru af sama hestamannafélagi nokkrum árum seinna.¹¹ Húsin hafa verið meira og minna í samfelldri notkun sem hesthús frá því að þau voru byggð og hafa fengið gott viðhald í gegnum tíðina. Í þeim eru *enn upprunalegar innréttingar, milligerði og stallar* sem hefur verið haldið við. Húsin tilheyrðu áður stærri heild samskonar hesthúsa sem nú eru horfin og standa ein eftir sem vitnisburður um starfsemi hestamannafélags á svæðinu og hafa tengingu við þekktan skeiðvöll Fáks, sem var á sínum tíma í útjaðri bæjarins og var vettvangur vinsælla kappreiða um áratugi. Húsin og nánasta umhverfi þeirra, þ.á.m. eldri timburljósastaurar sem standa í röð vestan við húsin, ljá svæðinu sögulega vídd og eru til vitnis um þá byggð og það umhverfi sem einkenndi svæðið fyrir tíma skipulags.

⁸ Borgarsögusafn (áður Árbæjarsafn) hefur unnið út frá því að tillögur um verndun húsa og mannvirkja sem settar eru fram í húsakönnunum safnsins séu viðbót við eða endurskoðun á húsverndarskrá Reykjavíkur. Húsverndarskrá Reykjavíkur var upphaflega gefin út í þemaheftinu *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar* sem fylgdi *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*. Þar segir: “Húsverndarskráin er grunnur að framtíðarstefnumótun í húsverndarmálum í Reykjavík og mun hún verða staðsett á Árbæjarsafni. Tillögur um verndun og friðun eru gerðar á grundvelli hennar og mun hún verða yfirfarin með reglulegu millibili” (bls. 9).

⁹ Sjá *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. C-hluti: „Fylgiskjöl“. „Aðalskipulag - Borgarverndarstefna“. Vefslóð: <http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur> → Val úr lista: C-hluti - Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334.

¹⁰ Sjá skipulagslög - nr. 123 - 22. september 2010. Tóku gildi 1. janúar 2011. I. kafli. Almenn ákvæði, 2. gr. Skilgreiningar.

¹¹ Sjá teikningar Þorvaldar Kristmundssonar arkitekts að hesthúsum sem bætt var við á lóð Fáks við Bústaðaveg árið 1964 (3. áfangi) og teikningar sama að fyrstu húsum félagsins á svæðinu Viðivöllum við Vatnsveitugeg, sem byggð voru 1966 og 1967, sjá teikningavef Reykjavíkurborgar: Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Aðaluppdrættir → Bn nr: 232/64, 434/65, 519/65 og 331/66.




Borgarsögusafn telur ástæðu til að taka tillit til húsanna og nánasta umhverfis þeirra í framtíðarskipulagi svæðisins, enda væri það í samræmi við markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2017 um að leitast verði við að varðveita byggingararfinn og skerða sem minnst sögulega vídd byggðar í Reykjavík í skipulagi og hönnun nýrrar byggðar.¹²

Fyrir hús sem vernduð eru í rauðum flokki gilda þau almennu verndunarákvæði sem í eldri húsverndarstefnu¹³ eiga við rauðan flokk: Byggingar sem lagt er til að friða, grænan flokk: Verndun 20. aldar bygginga og dökkgulan flokk: Verndun götummynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi:

- Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.
- Æskilegt er að útlit húsa verði lagfært með hliðsjón af upphaflegri gerð.
- Útlit húsa verði fært til upprunalegs horfs, þar sem breytingar eru til lýta.

Að mati Borgarsögusafns myndi það rýra byggingarlistalegt gildi húsanna ef þau yrðu skert á einhvern hátt, en það hefði síður áhrif á varðveislugildi þeirra ef til þess kæmi að flytja þyrfti þau til innan deiliskipulagssvæðisins.

HÚSVERNDARKORT




¹² Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. A-hluti: Borg fyrir fólk, bls, 165.

¹³ Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016. Ritstjóri: Nikulás Úlfar Músson. Reykjavík 1998.

Bústaðavegur 151-153 – Fornleifaskrá

Svæðið sem hér um ræðir er í landi Bústaða, í um 300 m fjarlægð frá bæjarstæðinu, utan túns og hefur því verið bithagi lengst framan af. Á svæðinu eru skráðir 11 minjastaðir.




Mynd 7. Fornleifar og yngri minjar á deiliskipulagssvæðinu.

Svæðið hefur verið kannað með tilliti til fornleifa og niðurstaða þeirrar athugunar er að engar þekktar fornleifar eru innan deiliskipulagssvæðisins, einungis yngri minjar.



Bústaðir 1978-1 - Bústaðavegur hinn forni

Mí nr.	BSS-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1978-1	232-77	Bústaðarvegur hinn forni	Þjóðvegur	Heimild	900- 1883	361293	405052		4	Sæmilegt	Nei



Mynd 8. Kort Benedikts Gröndal, sem sýnir gömlu þjóðleiðina.

Staðhættir: Þjóðvegur til og frá Reykjavík er merktur inn á kort eftir Benedikt Gröndal frá 1880. Kortið sýnir Elliðaárnar, frá upptökum til árósa. Leiðin lá fyrir norðan Bústaði yfir Árhólmana sunnan við Búrfoss og Innréttingarhúsin og að Ártúnsvaði og sunnan við túngarðinn í Ártúni og upp Reiðskarðið.¹⁴

Lýsing: Vegurinn hefur líklega allur farið undir núverandi Bústaðarveg. Hugsanlega er hluti af honum sjáanlegur austan við Bústaðakirkju, á lóð Bjarkarhlíðar og í Árhólmanum við Elliðaár.

Bústaðir 1978-2 - Skeiðvöllur

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1978-2	232-18	Skeiðvöllur	Reiðvöllur	Heimild	1922- 1971	361350	405257	400	16,7	Ómetið	Já


Staðhættir: Skeiðvöllur við Elliðaár. Austan Sogamýrar, á melunum við vesturbakka Elliðaánna, þar sem Reykjanesbraut liggur nú, var lengi skeiðvöllur hestamannafélagsins Fáks. Völlurinn var gerður árið 1922, þegar félagið var nýstofnað.

Lýsing: Skeiðvöllurinn hvarf að mestu leyti undir Reykjanesbraut á árunum 1971-1975.

¹⁴ Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.



Mynd 9. Kappreiðar á skeiðvelli Fáks við Bústaðveg.¹⁵



Mynd 10. Hluti úr korti sem sýnir hvar skeiðvöllur var.¹⁶

Bústaðir 1978-3 - Veðbanka- og geymsluhús

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1978-3	232-61	Veðbanka- og geymsluhús	Hús	Heimild	1930- 1971	361308	405134	15	3,5	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið var reist vestan við skeiðvöll Fáks árið 1930 og stóð rétt norðan við núverandi frárein frá Reykjanesbraut inn á lóð Bústaðavegar 151-153, þar sem dælustöð Atlantsolíu er í dag. Rífið 1971-1975 vegna lagningar Reykjanesbrautar. Í húsinu var veðbanki starfræktur þegar kappreiðar voru á skeiðvöllinum.

Lýsing: Tvisvar var byggt við húsið, en elsti hlutinn var byggður úr bindingi. Horfið.

Bústaðir 1978-4 - Reykjaæð, hitaveitustokkur

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1978-4	232-62	Reykjaæð	Hitaveitulögn	Heimild	1939	361223	405286			Ómetið	Já

Staðhættir: Hitaveitustokkur, aðalæð hitaveitunnar sem lögð var frá Reykjum í Mosfellssveit í safngeyma í Öskjuhlíð á árunum 1939-1943 og liggur, að hluta til ofanjarðar, yfir svæðið frá austri til vesturs, norðan lóðamarka Bústaðavegs 151. Nú er búið að endurnýja lögnina en hún er á sama stað og áður og notuð sem göngustígur.

Lýsing: Á gamla stokknum var lokið bogalaga, en á nýja stokknum er það flatt.

¹⁵ Ljósmyndari Magnús Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 1445.

¹⁶ Hluti úr korti Ágústs Böðvarssonar af Reykjavík frá 1947. Borgarsögusafn Reykjavíkur: Prentað eintak.



Mynd 11. Horft í austur eftir Reykjaæðinni (1978-4). Þvert yfir myndina liggur Breiðholtsvegur (1978-10). Austan vegarins eru tvö lítil hús (1978-5 og 1978-6) sem stóðu á Sogamýrabletti 24. Við annað þeirra er búið að koma fyrir útiheyi. Enn austar eru hesthús Fáks sem voru rifin (1978-9) og fjær eru olíutankar kyndistöðvar, Toppstöðin og Elliðaárstöðin.¹⁷

Bústaðir 1978-5, 1978-6, 1978-7 - Hús á Sogamýrabletti 24

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1978-5	232-63	Sogamýrablettur 24	Hús	Heimild	1944- 1965	361198	405266	5	4	Ómetið	Já
1978-6	232-64	Sogamýrablettur 24	Hús	Heimild	1944- 1965	361194	405239	8,5	5,2	Ómetið	Já
1978-7	232-65	Sogamýrablettur 24	Hús	Heimild	1944- 1965	361202	405209	10	5	Ómetið	Já

Staðhættir: Þrjú lítil hús sem stóðu á erfðafestulandinu Sogamýrabletti 24, þar sem í dag er lóðin Bústaðavegur 151. Húsin eru merkt inn á kort frá 1957 og sjást á ljósmyndum af svæðinu frá um 1944-1965, sjá mynd 6. Húsin finnast ekki skráð eða til umfjöllunar í skjölum (á Borgarskjalasafni) eða öðrum rituðum heimildum sem kannaðar hafa verið í tengslum við skráningu og varðveislumat húsa á svæðinu.

Lýsing. Húsin er öll horfin af svæðinu 1965, skv. loftmyndum (Borgarvefsjá).

Bústaðir 1978-8 – Hús austan við Sogamýrablett 24

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1978-8	232-66		Hús	Heimild	1944- 1968	361293	405255	9	5	Ómetið	Já

¹⁷ Úr myndasafni Þjóðviljans. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÞJV 029 119 4-1.



Staðhættir: Lítið hús sem stóð austan við erfðafestulandið Sogamýrablett 24, þar sem í dag er lóðin Bústaðavegur 151. Er merkt inn á kort frá árinu 1957. Húsið finnst ekki skráð eða til umfjöllunar í skjölum (á Borgarskjallasafni) eða öðrum rituðum heimildum sem kannaðar hafa verið í tengslum við skráningu og varðveislumat húsa á svæðinu.

Lýsing: Húsið er horfið.

Bústaðir 1978-9 – Grunnar hesthúsa og hlöðu

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1978-9	232-67	Gömlu Fákshúsin	Hesthús	Sökkclar	1959- 1999	405216	405216	51	44	Gott	Nei

Staðhættir: Undirstöður horfinna hesthúsa og hlöðu vestan við Reykjanesbraut, norðan við þau hesthús sem enn standa á lóðinni Bústaðavegi 151. Húsin voru reist á árunum 1959-1960, eftir teikningum Sigvalda Thordarsonar arkitekts (1. áfangi), sjá mynd 6. Árið 1964 var fjórum hesthúsum til viðbótar bætt við austan við hlöðuna (3. áfangi). Þau hús sem stóðu austan hlöðunnar voru flutt á núverandi félagssvæði Fáks, Víðivelli í Víðidal, um 1974 þegar Reykjanesbraut var lögð. Hlaðan ásamt hesthúsunum fjórum sem stóðu vestan hennar voru rifin árið 1999.

Lýsing: Það sem eftir stendur eru steiptar undirstöður (sökkclar) hlöðunnar og hesthúsanna sem snéru í vestur. Steypan er heil og stendur vel. Veggir hafa verið um 20 cm breiðir og um 1 m á hæð. Svæðið er allt mjög vel gróið.



Mynd 12. Horft í norður eftir sökkli hlöðunnar.




Mynd 13. Horft í vestur eftir einni hesthúsallengjunni.

Bústaðir 1978-10


Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1978-10	232-68	Breiðholtsvegur	Vegur	Heimild	1940	361179	405111	825		Ómetið	Að hluta

Staðhættir: Breiðholtsvegur lá frá Suðurlandsbraut í suður frá sömu gatnamótum og Langholtsvegur lá í norðaustur. Vegurinn var lagður fyrir 1940 en hann er sýnilegur á ljósmyndum frá þeim tíma. Vegurinn er merktur inn á kort frá árinu 1947. Hann lá frá Suðurlandsbraut í átt að Bústaðvegi, en á

þeim vegarhluta er hann horfin, sjá mynd 6. Þegar komið var yfir Bústaðavegin lá vegurinn vestan við Bjarkarás og þar sem í dag er gatan Stjörnugróf vestan við Blesugróf og þaðan upp í Breiðholt, upp á Vatnsendahvarf þar sem útvarpsmöstrin voru. Þessi vegur var líka nefndur Útvarpsstöðvarvegur.



Mynd 14. Hluti úr korti Ágúst Bööðvarssonar frá 1947 sem sýnir staðsetningu Breiðholtsvegur.¹⁸



Mynd 15. Breiðholtsvegur og aðrar minjar á loftmynd sem tekin var árið 1954.¹⁹

Bústaðir 1978-11 - Gamla félagsheimili Fáks

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1978-11	232-69	Félagsheimili Fáks	Félagsheimili	Heimild	1962- 1985	361279	405086	27	13	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið var reist sunnanvert á lóð Fáks árið 1962, eftir teikningum Sigvalda Thordarsonar arkitekts. Stóð þar sem húsið Bústaðavegur 153 stendur nú og var rífið er það hús var byggt 1985.

Lýsing: Horfið.

Fornleifaskrá - Niðurstöður og mat

Þjóðleiðin frá Reykjavík um Bústarholt lá rétt sunnan við deiliskipulagssvæðið, líklega þar sem í dag er Bústaðavegur (1978-1). Aðrar minjar á svæðinu eru yngri: *Skeiðvöllur hestamannafélagsins Fáks* frá árinu 1922 (1978-2); *veðbanka- og geymsluhús* sem reist var við skeiðvöll Fáks árið 1930 (1978-3); *hitaveitustokkur* (1978-4) sem nú hefur verið endurnýjaður; *þrjú óþekkt hús* á erfðafestulandinu *Sogamýrarbletti 24* (1978-5, 1978-6 og 1978-7) og það fjórða austar (1978-8); *félagsheimili Fáks* (1978-11) sem reist var sunnanvert á lóð Fáks árið 1962 eftir teikningum Sigvalda Thordarsonar arkitekts, rífið 1985; *sökklar*

¹⁸ Hluti úr korti Ágúst Bööðvarssonar af Reykjavík frá 1947. Borgarsögusafn Reykjavíkur: Prentað eintak.

¹⁹ Loftmynd frá árinu 1954 úr gagnagrunni LUKR, Kortagerð ALG.



hesthúsa Fáks (1978-9) sem voru reist á árunum 1959-60, eftir teikningum Sigvalda Thordarsonar arkitekts, rifin árið 1999. Hlutar af sökkjum húsanna eru heilir á staðnum og gætu fengið nýtt hlutverk með nýju skipulagi svæðisins, t.d. sem leiksvæði.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd Borgarsögusafns:

Drífa Kristín Þrastardóttir
Verkefnastjóri, húsvernd

Anna Lís Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri fornleifa


María Karen Sigurðardóttir
Deildarstjóri minjavörslu og rannsókna

Afrit í tölvupósti:
Minjastofnun Íslands, Ingvar Jón Bates Gíslason, verkefnastjóri hjá USK, Reykjavíkurborg



Fyrsti eigandi Hestamannafélagið Fákur Hönnun Sigvaldi Thordarson
arkitekt

Upphafleg notkun
Hesthús og hlaða



Upphafleg gerð

Tegund Timbur
Klæðning Timbur
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteyptar

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

>1964 Útlitsbreyting
(dyrabreyting)
<2000 Skúr á lóð

Hönnuðir breytinga

Saga

Á lóðinni standa fjögur hesthús og hlaða sem áður tilheyrðu stærri byggð hesthúsa sem reist var á landi hestamannafélagsins Fáks við Elliðaárnar á árunum 1959-1964. Fyrir var á svæðinu skeiðvöllur Fáks. Um er að ræða langa, háreista hlöðubyggingu úr timbri sem snýr göflum í N-S og fjögur hesthús úr timbri sem snúa þvert á hlöðuna og standa áföst við vesturhlið hennar. Þessi hús voru byggð árið 1961 sem 2. áfangi hesthúsabyggingar Fáks, sem seinna var kölluð *Neðri-Fákur*. Norðar á lóðinni stóð áður önnur samstæða samskonar húsa; hlaða með fjórum hesthúsum við vesturhlið sem byggð voru á árunum 1959-1960 (1. áfangi) og fjórum hesthúsum við austurhlið sem bætt var við árið 1964 (3. áfangi). Sigvaldi Thordarson arkitekt teiknaði húsin í 1. og 2. áfanga, en hann lést árið 1964 og teiknaði Þorvaldur Kristmundsson arkitekt, fyrrum samstarfsmaður hans, húsin í 3. áfanganum og byggði á teikningum Sigvalda. Árið 1962 reisti Fákur einnig félagsheimili á landi sínu eftir teikningu Sigvalda og stóð það þar sem húsið Bústaðavegur 153 (Sprengisandur) var seinna byggt. Hesthúsin norðantil á lóðinni voru að hluta til (3. áfangi) flutt á núverandi félagssvæði Fáks, Víðivelli í Víðidal, um 1974 þegar Reykjanesbraut var lögð og að hluta til rifin 1999 (1. áfangi). Húsin þóttu mjög vönduð og nýtskuleg á sínum tíma, rúmgóð, vel loftraest og björt. Þau voru byggð úr timbri, á steingrunni og þak járnklætt og einangrað með plastplötum. Milligerði og stallar voru úr járn og voru tveir hestar í hverri stíu með sjálfbrynningu. Milli húsanna voru áður lokuð port sem notuð voru sem gerði. Heygeymsla var í hvorum enda hlöðubygginganna, en hnakkageymsla í miðjunni (*Vísir* 14.5.1960 og 9.12.1960; *Tíminn* 11.12.1960, *Mbl.* 9.2.1999). Hesthúsin eru í dag í eigu Reykjavíkurborgar. Þau eru mjög upprunaleg að gerð; einungis hefur dyrum á vesturgafli verið breytt úr einum dyrum (í miðju) í tvennar. Húsunum hefur verið haldið vel við í gegnum tíðina og nýrðir tvö húsin hafa að mestu verið í stöðugri notkun sem hesthús frá því þau voru byggð, en þau syðri tvö hafa á síðustu árum staðið tóm. Upprunalegar innréttingar, járngrindur og stallar eru enn í öllum húsunum og hefur verið haldið við. Skúr sem stendur vestanvert á lóðinni (óskráður) var byggður 1995-2000.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Hátt gildi. Sérhönnuð samstæða hesthúsa og hlöðu frá 7. áratug 20. aldar. Gott dæmi um húsasamstæðu af sinni gerð, með samsvörun og jafnvægi í hlutföllum og samræmi milli forms, efnismeðferðar og notkunar.

Menningarsögulegt gildi:

Hátt. Húsin vitna um nýjungar í hönnun hesthúsa á sínum tíma, þar sem tekið var mið af velferð og þörfum hesta og hestaeygenda. Fyrirmynd fyrstu hesthúsa félagsins í Víðidal. Standa ein eftir sem vitnisburður um starfsemi og þekktan skeiðvöll Fáks á svæðinu, sem þá var í útjaðri bæjarins.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Húsin falla vel að nærliggjandi lágreistri íbúðarbyggð til vesturs. Staðsetning miðar við eldra og að mestu horfið skipulag hesthúsasvæðis. Húsin og umhverfi þeirra, þ.á.m. eldri timburljósastaurar, ljá svæðinu sögulega vídd. Auglýsingaskilti á austurvegg hlöðunnar endilöngum dregur þó úr þeim áhrifum.


Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Húsin eru mjög upprunaleg að gerð, bæði að ytra byrði og í innréttingum. Enn í notkun sem hesthús.

Varðveislugildi:

Húsin hafa hátt varðveislugildi. Lagt er til að þau njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030.

Fyrsti eigandi Atlantsolía

Hönnun Sigríður Magnúsdóttir arkitekt
Teiknistofunni Tröð ehf.Upphafleg notkun
Sjálfsafgreiðslubensínstöð, tæknihús

Upphafleg gerð

Tegund Steinsteypt
 Klæðning
 Þakgerð Skáþak(skúrþak)
 Þakklæðning
 Undirstöður

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

2008 Bætt við eldsneytis-
dælu

Hönnuðir breytinga

Sigríður Magnúsdóttir arkitekt

Saga

Við Bústaðaveg 151 er sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti sem komið var fyrir á austurhluta lóðarinnar árið 2005. Stöðinni tilheyrir steinsteypt afgreiðslu- og áfyllingaplan með þremur eldsneytisdælum (mhl. 18), niðurgrafnir eldsneytisgeymar (mhl. 16) og lítið steinsteypt tæknihús í norðausturhorni (mhl. 17). Í tæknihúsinu er sjónsteypa með lóðréttum borðaförum og þak er einhalla úr steinsteypu. Það hýsir stjórnbúnað og inntök fyrir heitt og kalt vatn, rafmagn, síma og annan tæknibúnað.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Sjálfsafgreiðslubensínstöð með tæknihúsi úr sjónsteypu.


Menningarsögulegt gildi: Lágt. Ber bílamenningu á svæðinu vitni.

Umhverfisgildi: Lágt. Staðsett við fjölfarna umferðaræð, hefur lágmarksáhrif á götumynd og umhverfi.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Óbreytt.

Varðveislugildi: Sjálfsafgreiðslubensínstöðin ásamt tæknihúsi hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Tómas Tómasson o.fl.

Hönnun Halldór Guðmundsson
arkitektUpphafleg notkun
Veitingahús

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Hraunað
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Stál
Undirstöður	Steinsteyptar

Upphaflegt útlit

Einlyft
Ris

Helstu breytingar

1995	Innra skipulagi br.
1999	Viðbygging n-hlið
2006	Innra skipulagi br.
2010	Innra skipulagi br.
	Útlitsbreyting s-hlið
?	Útlitsbreyting
	Ný klæðning á þaki

Hönnuðir breytinga

Steinunn Kristjánsdóttir	arkitekt
Halldór Guðmundsson	arkitekt
Halldór Guðmundsson	arkitekt
Ásmundur Jóhannsson	bygg.fr.

Saga

Húsið var byggt sem veitingahús með bílalúgu árið 1985, eftir teikningum Halldórs Guðmundssonar arkitekts hjá Teiknistofunni h.f. Ármúla 6. Á lóðinni, sem staðsett er á horni Reykjanesbrautar og Bústaðavegs, stóð áður félagsheimili Fáks sem byggt var 1962 eftir teikningum Sigvalda Thordarsonar, en það var rífið þegar núverandi hús var byggt.

Þetta er einlyft hús með háu valmaþaki og kvistum, miklu þakskeggi og margrúðugluggum á jarðhæð, byggt úr steinsteyptu, með hraunuðum og máluðum veggjum og timburþaki, upphaflega klæddu koksgráum stálplötum. Það mun hafa verið byggt á einungis um þremur og hálfum mánuði, eða 112 dögum og fór byggingarkostnaður langt fram úr áætlun (*Morgunblaðið*, 18. september 1985, bls. 37; *DV*, 18. október 1985, bls. 2; *DV*, 8. febrúar 1986, bls. 22).

Húsið reistu í félagi Tómas Tómasson veitingamaður, Úlfar Eysteinnsson veitingamaður, Ásgeir Hannes Eiríksson pylsusali og Sverrir Hermannsson fararstjóri og fasteignasali og opnuðu þar veitingastað 2. nóvember 1985, einn af fyrstu skyndibitastöðunum á landinu (*Morgunblaðið*, 1. maí 1985, bls. 16; *Morgunblaðið* 30. maí 1985, bls. 2 B; *DV*, 8. febrúar 1986, bls. 22). Veitingastaðnum var valið nafnið *Sprengisandur* sem festist síðan við húsið og jafnvel staðsetninguna eða svæðið, sem enn í dag er kallað Sprengisandur. Veitingastaðurinn Sprengisandur var rekinn í húsinu um fjögur ár eða til 1989. Síðan hafa ýmsir veitingastaðir verið reknir þar, m.a. Jarlinn (1989-1995), Pizza Hut (1999-2010) og Grillhúsið (1997-1999 og frá 2010).

Húsinu hefur lítið verið breytt að ytri byrði og í útliti frá því að það var byggt, utan þess að árið 1999 var gerð steinsteypt viðbygging við anddyri á norðurhlið, auk þess sem einn gluggi (fyrir afgreiðslu skyndibita) á norðurhlið hefur verið fjarlægður og klæðningu á þaki virðist hafa verið breytt. Á árunum 1995, 1999, 2006 og 2010 voru samþykktar fyrirkomulagsbreytingar innanhúss. Árið 2010 fékkst ennfremur leyfi til að setja upp tjald/markísu yfir inngangi á suðurhlið hússins.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs gildi. Steinsteypt hús hannað undir skyndibitaveitingastað, í anda húsagerðar 9. áratugar 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs. Ber upphafi skyndibitameningar á Íslandi vitni. Upphaflegur veitingarekstur í húsinu hefur ljáð staðnum eða staðsetningunni heitið *Sprengisandur*.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Stendur við fjölfarin gatnamót tveggja umferðaræða og hefur stöðu kennileitis. Fellur ekki illa að nærliggjandi lágreistri íbúðarbyggð til vesturs.

Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Lítið breytt frá upphaflegri gerð.

Varðveislugildi:

Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.